

Ár 2015, þriðjudaginn 17. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur, Óskari Bergssyni, Svanhildi Kaaber og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða almenna launahækkun til þeirra sem undir kjararáð heyra

I.

Í 10. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Á yfirstandandi ári hefur verið samið um laun og starfskjör bæði á almennum vinnumarkaði og við opinbera starfsmenn. Ríkið hefur lokið kjarasamningum við flesta viðsemjendur sína. Kjararáð telur að meginlínur í kjarasamningum séu orðnar það skýrar að ráðið geti nú úrskurðað um almenna launahækkun til þeirra sem undir ráðið heyra.

Lágmarkshækkun samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði á árinu 2015 er 3,2% en mesta hækkun 7,2%. Gildistími samninganna var frá 1. maí 2015. Úrskurður gerðardóms samkvæmt lögum nr. 31/2015 um launakjör 18 aðildarféлага í Bandalagi háskólamanna (BHM) og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) leiddi til 9,3% hækkunar launa að meðaltali á árinu og er leiðrétting á launatöflum þar meðtalin. Hækkun til féлага í BHM gildi frá 1. mars 2015 en FÍH frá 1. maí 2015. Niðurstaða gerðardóms hefur í aðalatriðum verið lögð til grundvallar í samningum ríkisins við stór stéttarfélag.

Með hliðsjón af framangreindu ákveður kjararáð að laun skuli hækka eins og í ákvörðunarorði segir.

II.

Ákvörðunarorð

Laun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til skulu hækka um 9,3% frá og með 1. mars 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Óskar Bergsson

Svanhildur Kaaber

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson